



## Áframhaldandi loðnubrestur kæmi harðast niður í Vestmannaeyjum

*Eins og staðan er í dag lítur út fyrir að ekkert verði af loðnuvertíð á þessu ári og yrði það því annað árið í röð sem veiðar á loðnu myndu bregðast. Nokkur skip eru nú í loðnuleit og því ekki útilokað að loðna finnist í veiðanlegu magni en núverandi veiðiregla gerir ráð fyrir að veiða allt magn af metinni stofnstærð umfram 400 þúsund tonn.*

### **Engin loðnuveiði í fyrri í fyrsta skiptið frá því byrjað var að veiða hana 1963**


Frá því að veiðar á loðnu hófust árið 1963 hefur það ekki áður gerst að loðnubrestur kæmi til tvö ár í röð. Það hafa komið ár þar sem veiðar hafa verið afar litlar en ekki hefur það áður gerst að engin loðna hafi verið veidd eins og raun varð á í fyrri.

Loðnuveiðar voru rúm 15 þúsund tonn árið 2009 og rúm 13 þúsund tonn árið 1982 en annars hafa þær verið taldar í hundruðum þúsunda tonna á hverju ári. Mestar urðu þær um upp úr miðjum tíunda áratug síðustu aldar þegar þær námu tæplega 1,2 milljónum tonna árið 1996 og 1,3 milljónum tonna árið 1997. Sé litið til tímabilsins frá aldamótum hefur leitnin í veiddum aflu legið niður á við.


### **Útflutningsverðmæti loðnu að meðaltali 18,1 ma.kr. á síðustu árum**

Loðnan hefur lengi verið ein mikilvægasta útflutningsvara sjávarafurða frá landinu og hefur á síðustu árum skilað næst mesta útflutningsverðmætinu á eftir þorski. Útflutningsverðmætið var að meðaltali 18,1 ma.kr. á árabílinu 2016-2018. Útflutningsverðmæti á sama tímabili var að meðaltali 96,2 ma.kr. á þorski en 13,5 ma.kr. í karfa sem kemur næstur á eftir loðnu í útflutningsverðmæti.

Töluverð óvissa er um stofnstærð loðnu og hvort veiðar verði heimilaðar á ný. Það yrði mikill missir fyrir íslenskan sjávarútveg ef loðnan fyndist ekki í veiðanlegu magni á ný. Ekki bara vegna beinna útflutningstekna af loðnu heldur einnig vegna þess að hún er mikilvæg fæða fyrir ýmsar botnfisktegundir s.s. þorsk. Hvarf loðnu eða



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



verulega minnkandi stofnstærð gæti því haft bein áhrif á stofnstærðir annarra tegunda og þannig dregið úr útflutningsverðmæti sjávarafurða frá landinu.

### Fjögur fyrirtæki með 2/3 hluta loðnukvótans

Öfugt við marga aðra fiskistofna og þá sérstaklega botnfiskstofna dreifast tekjur af loðnu tiltölulega lítið milli fyrirtækja og byggðarlaga. Þannig voru einungis 12 fyrirtæki með veiðirétt á loðnu í fyrra. Þau fjögur fyrirtæki sem eru með mestu hlutdeildina eru samtals með 64,9% eða tæplega 2/3 kvótans.

Hámarkshlutdeild í loðnu á hvert eitt fyrirtæki er 20%. Ísfélag Vestmannaeyja er mjög nálægt því þaki en hlutdeild fyrirtækisins er 19,99%. Næsta félag á eftir er Brim með 18%, síðan kemur Síldarvinnslan með 16% og Vinnslustöðin með 10,9%. Þau félög sem eru með minnstu hlutdeildina eru Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði (1,75% hlutdeild), Huginn (1,4%) og Rammi (0,65%).

### Vestmannaeyjar eru stærsta löndunarhöfnin


Vestmannaeyjar hafa verið stærsta löndunarhöfn loðnu á síðustu árum en á árabílinu 2016-2018 var að meðaltali 29% aflans landað þar. Næststærsta löndunarhöfnin er Neskaupstaður en 22% aflans á síðustu árum hefur verið landað þar og má segja að þessi tvö byggðarlög hafi skorið sig nokkuð frá öðrum stöðum. Þriðja stærsta löndunarhöfnin hefur síðan verið Vopnafjörður með 11,5% löndunar. Minnstu löndunarhafnirnar eru síðan Reykjavík (0,9%) og Hafnafjörður (0,3%).

Sé lítið til staðsetningar fyrirtækjanna eftir hlutdeild þeirra liggur mesta hlutdeildin í Vestmannaeyjum eða tæplega þriðjungur. Það þarf því ekki á koma á óvart að Vestmannaeyjar hafa verið stærsta löndunarhöfnin á síðustu árum. Næstmesta hlutdeildin er í Reykjavík eða 18% en Brim hf. er á bak við alla þá hlutdeild. Næstmesta hlutdeildin er síðan á Neskaupstað, 16%, en Síldarvinnslan er eina fyrirtækið á bak við þá hlutdeild.


### Vestmannaeyjar munu verða af nokkrum mö.kr. í útflutningstekjum

Ef horft er á hvernig aflahlutdeild dreifist eftir byggðarlögum og gert ráð fyrir að útflutningstekjur dreifist á þau byggðarlög í réttu hlutfalli við aflahlutdeild sést vel hvað byggðarlögin geta

### Aflahlutdeild í loðnu




### Aflahlutdeild í loðnu



Miðað við 31. mars 2019  
Heimild: Fiskistofa

### Aflahlutdeild og löndun loðnu eftir byggðarlögum




Hlutfall löndunar (meðaltal 2016-2018). Aflahlutdeild m.v. 31. mars 2019  
Heimild: Fiskistofa, Hagstofa Íslands



mögulega orðið af miklum tekjum verði ekki af loðnuveiðum á þessu ári. Fyrirtæki frá Vestmannaeyjum eru með skráða aflahlutdeild upp á 32,3% og ef horft er á meðalútflutningstekjur af loðnu á árabílinu 2016-2018 sést að fyrirtæki í Vestmannaeyjum hafa verið að fá tekjur upp á 5,8 ma.kr. að meðaltali á hverju ári á þessu tímabili. Næstmestar voru tekjurnar í Reykjavík, 3,3 ma.kr. og 2,9 ma.kr. á Neskaupstað.

#### Útflutningsverðmæti loðnu niður á byggðarlög



Miðað við meðaltal heildarútflutningstekna af loðnu á árabílinu 2016-2018

Heimild: Fiskistofa, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.